

Komið þið fagnandi

Ferðapjónusta á Íslandi: Uppgangur og áskoranir

Efnahagssvið, september 2016



Komið þið fagnandi

- ❖ **Víðtæk áhrif ferðapjónustunnar.** Mikill fengur er af þeim fjölda ferðamanna sem nú streymir til landsins. Íslensk ferðapjónusta er í miklu vaxtaferli og bendir flest til þess að áframhald verði þar á. Miðbær Reykjavíkur blómstrar vegna aukinnar vörslunar og kærkomin atvinnutækifæri hafa skapast á landsbyggðinni við að hýsa, kæta og fæða erlenda gesti. Kallar þessi þróun á sífellt fleiri vinnandi hendur og hvergi fjölgar störfum meira þessi misserin en í greinum tengdum ferðapjónustu. Með jafnari dreifingu ferðamanna allt árið um kring hefur á sama tíma tekist að nýta betur þá fjármuni og þann mannskap sem fyrir er í greininni. Bjart er yfir íslenskum þjóðarþúskap en hvergi er hugurinn meiri en hvað varðar fjárfestingar og ráðningar en í ferðapjónustu.
- ❖ **Af hverju Ísland?** Ísland er komið á radarinn og fyrir því eru ýmsar ástæður. Gengisfall krónunnar 2008 var þar áhrifavaldur. Blés það lífi í útflutningsgreinar og mildaði höggið fyrir okkur Íslendinga en hæst ber þó aukin vitund erlendis um það sem landið hefur upp á að bjóða, ekki síst hin lítt snortnu víðerni. Aukinheldur hefur mikil aukning í flugframboði aukið aðgengi að landinu og gert það að auðsóttari áfangastað. Aðspurðir segja ferðamenn flestir ástæðu fyrir vali á áfangastað vera meðmæli vana og ættingja eða önnur umfjöllun um landið. Fjölgun ferðamanna getur því að einhverju marki styrkt áframhaldandi aukningu og þegar boltinn byrjar að rúlla er erfitt að sjá hvar hann endar.
- ❖ **Það eru áskoranir framundan.** Stærsta áskorunin sem við okkur blasir kemur til vegna þess að náttúran okkar er takmörkuð auðlind. Þurfum við að vera reiðbúin til að taka vel á móti erlendum gestum en á sama tíma vernda landið og hámarka verðmæti þess til lengri tíma. Verði ekkert að gert er hætta á stöðnun eða jafnvel hnignun í ferðapjónustu. Önnur áskorun er samkeppnishæfni greinarinnar en hröð styrking krónunnar og innlendar verðlagshækkningar gera landið að dýrari áfangastað í alþjóðlegum samanburði. Ekki er útlit fyrir annað en áframhaldandi styrkingu krónunnar en við það bætast miklar launahækkningar og hátt innlent vaxtastig. Ferðapjónustan er sérstaklega útsett fyrir launahækkunum þar sem að hún er vinnuafsfrekari en margar aðrar greinar.
- ❖ **Það skortir stefnu.** Miklar áskoranir fylgja eins hraðri umbreytingu á íslensku hagkerfi og ferðamannastraumurinn hefur leitt að undanförunu. Náttúruverndar- og öryggismálum er víða mjög ábótavant og kemur það öðru fremur til vegna óvissu um stöðu landeigenda, opinberra sem annarra, gagnvart almannarétti annars vegar og möguleika til að hefta ágang á svæðin hins vegar og uppskera arð af auðlindinni. Líkt og í öðrum rekstri er eðlilegt að þar fari saman ábyrgð og ábati.
- ❖ **Við verðum að bregðast við.** Þessi nýja tekjulind er um margt ólík því sem við höfum átt að venjast. Flestir koma hingað til að berja landið okkar augum og ágangur ferðamanna er svo mikill á vissum stöðum að í óefni stefnir. Eftirsóknarvert er að skapa umhverfi þar sem arður okkar af gestunum er sem mestur og nauðsynlegt er að skapa umhverfi þar sem að landið heldur þokka sínum. Tillögur efnahagssviðs á næstu síðu snúa að helstu áskorunum sem fyrir okkur liggja.

Tillaga 1: Sköpum sátt um frjálsa gjaldtöku fyrir virðisaukandi þjónustu (síða 71)

- **Megintillaga** - Frjáls gjaldtaka fyrir virðisaukandi þjónustu
- **Aðrir kostir** - Sameiginlegur sjóður fyrir staði sem henta illa til gjaldtöku

Gjaldtaka er hagkvæmasta leiðin til að bæði hámarka arð af auðlindum og stýra ágangi á þær. Það að landeigendum sé mögulegt að taka gjald skapar jákvæðan hvata fyrir þá til að hámarka virði landsins til lengri tíma. Möguleiki til gjaldtöku hvetur til markaðssóknar, uppbyggingar og skapar um leið tekjur fyrir þjóðarbúið þegar ferðamenn sem sannarlega njóta landsins greiða fyrir það.

Aðrir kostir eru færir fyrir þá staði sem illa standa undir slíkum rekstri, sbr. sameiginlegur sjóður, t.d. fjármagnaður með skatttekjum eða með sölu ferðapassa.

Tillaga 2: Tryggja þarf sátt um breytingar (síða 72)

Mikilvægt er að aðgengi að auðlindum sé vel skilgreint og að við breytingar sé tekið tillit til þeirra sem byggt hafa upp ferðaþjónustu til margra ára. Nauðsynlegt er að boðaðar breytingar eða framsetning á almannarétti, eigendastefnu þjóðlenda og atvinnustefnu þjóðgarða séu bæði gæði og öryggi í forgrunni.

Tillaga 3: Tryggjum samkeppnishæfni landsins (síða 73)

Útflutningsgreinar gefa merkið fyrir aðra samninga á vinnumarkaði þannig að vörður sé staðinn um samkeppnishæfni þjóðarbúsins í heild.

Í nýju vinnumarkaðslíkani er gert ráð fyrir að útflutningsgreinar gefi merki um það svigrúm sem er til launahækkana á hverjum tíma og að aðrir geirar taki mið af því í sínum samningum. Ferðaþjónustan er með hæsta launahlutfallið af útflutningsgreinum og því útsettust fyrir kostnaðarhækkunum sem þeim fylgja.

Hámörkum langtímaábata: Gjaldtaka uppfyllir bæði skilyrðin

Tillögur	Tekjur?	Fjöldatakmörkun?	
Komugjald	✓	✗	Komugjald myndi afla ríkissjóði tekna en myndi engin áhrif hafa á aðsókn á ferðmannastaði.
Gjaldtaka	✓	✓	Gjaldtaka fyrir virðisaukandi þjónustu myndi afla landeigendum tekna til uppbyggingar og um leið veita þeim tæki til að stýra ágangi á landið og hvata til að gera það með langtímahugsun að leiðarljósi.
Náttúrupassi	✓	✗	Náttúrupassi myndi afla tekna en ekki stýra ágangi á landsvæði. Tilkoma hans myndi ekki stýra flæði ferðamanna frá stöðum sem væru undir of miklu álagi.
Gistináttagjald	✓	✗	Gistináttagjald myndi afla ríkissjóði tekna en myndi engin áhrif hafa á aðsókn á ferðmannastaði.
Önnur skattheimta	✓	✗	Hægt er að sækja fjármagn til uppbyggingar ferðamannastaða úr almennum sköttum en það hefur ekki för með sér neina aðgangsstýringu.

Ferðapjónusta á Íslandi

1. Ferðapjónustan sem atvinnugrein

2. Ferðapjónustan sem fjárfesting

3. Ferðapjónustan sem vinnuveitandi

4. Af hverju Ísland?

5. Helstu áskoranir

6. Tillögur: Hvað þarf að gerast?

Ferðapjónusta á Íslandi

1. Ferðapjónustan sem atvinnugrein

2. Ferðapjónustan sem fjárfesting

3. Ferðapjónustan sem vinnuveitandi



4. Af hverju Ísland?

5. Helstu áskoranir

6. Tillögur: Hvað þarf að gerast?



Erlendir ferðamenn eru orðnir fjórum sinnum fleiri en Íslendingar

Erlendir ferðamenn
- frá 1949-2015



Erlendir ferðamenn á Spáni eru á við eina og hálfu spænska þjóð

Spánn: Erlendir ferðamenn og spænska þjóðin




Spár gera ráð fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna

Það hefur verið gegnum gangandi bjartsýni í spám greiningaraðila fyrir fjölgun ferðamanna. Kemur það ekki til að ósekju en stöðugur vöxtur undanfarin ár bendir óneitanlega til þess að boltinn sé farinn að rúlla með Íslandi á þessu sviði.

Þó vöxtur í fortíð sé ekki endilega vísbending um vöxt í framtíð þá má í þessu tilviki leiða líkur að því að veldisáhrif séu til staðar. Ferðmenn sem heimsótt hafa landið geta virkað sem auglýsing á nær umhverfi sitt auk þess sem að aukin þekking erlendra aðila á landinu festir það í sessi sem áfangastað.

Spár um fjölgun ferðamanna




Ferðapjónustan gegnir sífellt mikilvægara hlutverki

Gagngerð breyting hefur orðið á íslensku hagkerfi frá árinu 2008. Eftir gengisfall krónunnar óx útflutningsgreinum fiskur um hrygg á sama tíma og seglin voru dregin saman í innlendum þjónustugreinum.

Lægra gengi krónunnar auk annarra samverkandi þátta jók samkeppnishæfni íslenskra útflutningsgreina og stuðlaði að hröðum vexti þeirra undanfarin ár.

Á aðeins sjö árum hafa ferðapjónustugreinar og sjávarútvegur aukið vægi sitt í landsframleiðslu um meira en helming.



*Flutningar með flugi, veitinga- og gistihús, ferðaskrifstofur og bókunarþjónusta ásamt leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga.

Ferðapjónustan hefur knúið efnahagsbatann áfram


Eftir viðvarandi halla á viðskiptum við útlönd árin fyrir hrun varð afgangur af bæði vöru- og þjónustuviðskiptum árin 2009-2013.

Samhliða hækkanði gengi krónunnar og auknum kaupmætti innanlands hefur vöruskiptajöfnuðurinn snúist við á undanförunum árum. Nú svo komið að allur viðskiptaafgangur Íslands er tilkominn vegna sölu á þjónustu.

Vöxtur þjónustugreina og vægi þeirra í útflutningi er til marks um breytingu á íslensku hagkerfi.


Vöxtur undirliða landsframleiðslu

- vísitala = 100 árið 2008



Vöru- og þjónustujöfnuður

- % af VLF




Ferðapjónustan hefur verið leiðandi í fjölgun starfa

Við eins dramatískar breytingar og urðu á Íslandi árið 2008 breytast forsendur alls rekstrar. Fall krónunnar olli því að í umsvif minnkuðu mikið í þeim greinum sem þjónustuðu innlendan markað.

Á sama tíma varð bætt samkeppnisstaða útflutnings til þess að útflutningsgreinum óx ásmegin og sköpuðust störf og hefur ferðapjónustan verið þar leiðandi. Útflutningsgreinarnar unnu þannig gegn slaka á vinnumarkaði með auknum ráðningum og vinnuaflið færðist þangað úr greinum sem þjónuðu innanlandsmarkaði.


Breyting á fjölda starfandi eftir atvinnugreinum frá 2008 - 2015




Betri nýting fjármuna og mannskaps samfara jafnari dreifingu ferðamanna

Samfara fjölgun ferðamanna hefur dreifing þeirra yfir árið orðið jafnari. Nýting hótélherbergja er því góð allt árið en ekki aðeins yfir sumamánuði. Betri nýting fjármuna og mannskaps hefur þannig stuðlað að aukinni framleiðni í greininni.

Árstíðarsveifla í komu erlendra ferðamanna
- hlutfallsleg dreifing ferðamanna yfir árið



Nýting hótélherbergja á landinu öllu



Ferðapjónusta á Íslandi

1. Ferðapjónustan sem atvinnugrein

2. Ferðapjónustan sem fjárfesting

3. Ferðapjónustan sem vinnuveitandi

4. Af hverju Ísland?

5. Helstu áskoranir


6. Tillögur: Hvað þarf að gerast?

Fyrirtæki í ferðapjónustu ætla að stækka frekar og hvergi er bjartsýnin meiri

Ferðapjónustan býr yfir bjartsýnustu stjórnendunum hvað varðar fjárfestingar á komandi misserum. Stjórnendur í þeim geira eru hlutfallslega líklegastir til að sjá fram á að auka fjárfestingar sínar á árinu.

Kemur það ekki á óvart í ljósi þess hversu miklum vexti gert er ráð fyrir. Þörf er á miklum fjárfestingum í gistinguþjónustu, samgöngum og afþreyingu til að mæta þeim fjölda ferðamanna sem búist er við á næstu árum.

Viðhorf stjórnenda fyrirtækja varðandi fjárfestingar á árinu*
-samanborið við árið í fyrra - mars 2016





*Vísitölugildi yfir 100 þýðir að fleiri fyrirtæki telji að fjárfestingar verði meiri á yfirstandandi ári en í fyrra.

Fjöldi hótela og gistirýmis hefur aukist mikið og von er á meiru

Mikið af hótélum eru í pípunum á komandi árum. Á höfuðborgarsvæðinu þar sem ferðamannastraumurinn er mestur er gert ráð fyrir að fjölgun hótélherbergja í ár verði meiri en öll árin frá bankahruni samanlagt.

Aukin umsvif má einnig merkja af fjölda fyrirtækja í ferðaþjónustu en frá árinu 2008 hefur þeim fjölgað um 70% á sama tíma og fyrirtækjum í öðrum atvinnugreinum hefur fjölgað um 18%.




Þrátt fyrir verulegar fjárfestingar í greininni gæti orðið skortur á álagstímum

Hótel á höfuðborgarsvæðinu eru nú þegar nánast uppfull lungan úr árinu. Miklar hótelframkvæmdir eru nú í pípunum og mun framboð herbergja aukast mikið á komandi árum. Sé miðað að línulega fjölgun ferðamanna og hlutdeild heilsárshótela í ferðamannagistingu haldist óbreytt mun nýting áfram verða góð flesta mánuði ársins.

Fari svo að vöxturinn verði minni verður nýtingin skiljanlega minni en verði vöxturinn hins vegar veldisvöxtur eins og verið hefur síðustu ár stefnir í skort á hótélherbergjum einhverja mánuði ársins.

Nýtingarhlutfall heilsárshótela á höfuðborgarsvæðinu árið 2018

m.v. mismunandi forsendur um fjölgun ferðamanna




Tilkoma deiliahagkerfisins mun líklega léttu eitthvað á spennunni

Íbúðagisting hefur mjög sótt í sig veðrið um allan heim með tilkomu samskiptasíða eins og Airbnb og Home-exchange. Samkvæmt könnun ferðamálastofu frá árinu 2014 nýttu um 18% þeirra ferðamanna sem komu til Íslands slíka þjónustu og miðað við þann mikla vöxt sem verið hefur að undanfömu má gera ráð fyrir að hlutfallið hafi hækkað nokkuð síðan þá.

Þó deila megi um samkeppnisstöðu hótela gagnvart þessum nýja keppinaut þá er engum blöðum um það að fletta að tilkoma íbúðagistingar léttir á spennunni sem myndast á hótelfermarkaði þegar framboð nær illa að anna eftirspurn og gerir um leið fleiri ferðamönnum kleift að sækja landið heim. Íbúðagisting nýtir betur þær fjárfestingar sem fyrir eru, eykur framleiðni og virkar sveiflujafnandi fyrir hagkerfið.

Gistifyrirkomulag erlendra ferðamanna - könnun Ferðamálastofu sumar 2014



Airbnb íbúðum fjölgað um 124% á einu ári



Fjöldi íbúða í miðbænum eru til leigu á vefnum airbnb, bæði íbúðir sem einstaklingar leigja út og stærri leigufélög. Þórður Arnar Þórðarson

Alls eru 3.903 íbúðir auglýstar til útleigu á vefnum Airbnb og hefur fjölgað um 124% frá því í fyrra þegar þær voru rúmlega 1.700. Síðustu þrjú mánuði hefur fjölgunin verið rúmlega 10%, eða 350 íbúðir. Þetta kemur fram á vefnum Túristi, en tölur eru fengnar frá Airbnb.

Á gististöðum Íslandshótela, Icelandair hotels og Kea hótela séu í dag samtals 2.829 herbergi og því séu herbergi eða íbúðir til leigu á Airbnb en hjá þessum stærstu hótellekjum landsins.

Það skal þó tekið fram að þessar tölur eru ekki alveg samanburðarhæfar og bendir

Túristi á að samkvæmt könnun Airbnb í Danmörku er hver gistikostur í boði að meðaltali í 22 daga á ári. Þá séu skráningar á Airbnb herbergi eða íbúðir, meðan þau eru talin í herbergjum hjá hótellekjum.


Síðustu 12 mánuði ársins fjölgaði gestum Airbnb hér á landi um 156%, en ekki er gefinn upp nákvæmur fjöldi gesta. Þá fjölgaði íslenskum leigjendum á síðustu 12 mánuðum um 90%.

Um helmingur nýskráðra fólksbifreiða eru nú bílaleigubílar

Ferðamenn vilja margir hverjir hafa bíl til umráða við för sína um landið og hefur aukning þeirra því einnig aukið eftirspurn eftir bílaleigubílum en Nýskráning bílaleigubíla hefur margfaldast á undanförunum.

Nú er svo komið að bílaleigubílar voru tæplega helmingur nýskráðra fólksbíla á árinu 2015 og frá árinu 2011 til ágúst 2016 hafa 47% nýrra bíla verið seldir bílaleigum. 27.400 nýir bílar hafa verið seldir bílaleigum frá árinu 2011 en það eru 70% fleiri en tólf árin sem komu þar á undan.

Nýskráningar bifreiða
Fjöldi og hlutfall af heild



Ferðapjónusta á Íslandi

1. Ferðapjónustan sem atvinnugrein

2. Ferðapjónustan sem fjárfesting

3. Ferðapjónustan sem vinnuveitandi

4. Af hverju Ísland?

5. Helstu áskoranir

6. Tillögur: Hvað þarf að gerast?


Enn fleira starfsfólk þarf í ferðapjónustu

Það skyldi engan undra að samhliða áætlunum um auknar fjárfestingar telja ferðapjónustufyrirtæki sig líkleg til að ráða fleira starfsfólk. Starfsfólki í greinum tengdum ferðapjónustu hefur fjölgað úr um 11 þúsund árið 2009 í tæplega 19 þúsund árið 2015.

Mest er þörfin á sumrin og endurspeglast það í mikilli breytingu í væntingum stjórnenda til ráðninga næstu 6 mánaða eftir því hvort þeir eru spurðir að vori eða hausti.

Síðastliðið vor var langmesta eftirspurnin hjá ferðapjónustufyrirtækjum enda flestir túristar á Íslandi að sumarlagi. Það vekur þó athygli að jafnvel í spurningakönnun Gallup frá því í mars síðastliðnum birtast væntingar stjórnenda í ferðapjónustu til umtalsverðra ráðninga á komandi vetrarmánuðum.


Viðhorf stjórnenda fyrirtækja varðandi fjárfestingar á árinu*
-samanborið við árið í fyrra - mars 2016



Ferðapjónusta er einkar vinnuaflsfrek

Ferðapjónustugreinar hafa það flestar sammerkt að vera mjög vinnuaflsfrekar. Sést það greinilega þegar skoðaður er hlutur launa af verðmætasköpun (vergum þáttatekjum) greinanna.

Af þeim sexgreinum þar sem hlutur launþega er mestur má telja fjórar þeirra til ferðapjónustugreina.




Fólk með ýmiss konar menntun vinnur við ferðapjónustu

Ferðskrifstofur og bókonarþjónusta eru með áberandi hæst hlutfall af háskólamenntuðu fólki innan sinna raða miðað við aðrar greinar ferðapjónustu. Flugstarfssemi virðist einnig kalla eftir töluverðu af fólki með framhaldsmenntun.


Þrátt fyrir að hlutfall háskólamenntaðra hafi aukist hraðar í greinum tengdum ferðapjónustu þá er menntunarstig lægra í þeim greinum en að meðaltali í öðrum atvinnugreinum á Íslandi.

Menntun starfandi í útflutningsgreinum

Hlutfallsleg skipting árið 2014



Breyting á hlutfalli háskólamenntaðra af starfandi í útflutningsgreinum 2009-2014



Ferðapjónusta á Íslandi

1. Ferðapjónustan sem atvinnugrein

2. Ferðapjónustan sem fjárfesting

3. Ferðapjónustan sem vinnuveitandi

4. Af hverju Ísland?

5. Helstu áskoranir

6. Tillögur: Hvað þarf að gerast?

Ferðamaður getur ferðamann. Meðmæli og umtal skipta mestu máli


Þegar ferðamenn eru spurðir um ástæðu fyrir vali þeirra á áfangastað eru algengustu svörin að þeir hafi heyrt af honum, hvort sem er í samtali eða í gegnum aðra umfjöllun. Góð reynsla þeirra sem heimsóttu landið á undan kveikir því í ferðaþrá annarra til áfangastaðarins.

Af þessu má leiða að sú fjölgun ferðamanna sem orðið hefur undanfarin ár gefi góð fyrirheit um áframhaldandi fjölgun. Ísland sé komið inn á kortið og það muni spyrjast út að hingað sé eitthvað að sækja.

Þessi áhrif eru að sjálfsögðu háð góðri viðkyrningu af landi og þjófð auk þess sem erfitt er að segja hvenær hámarki er náð. Í ljósi þess vaxtarfasa sem ferðaþjónustan er í og því hversu fáir ferðamenn hafa komið til Íslands í alþjóðlegum samanburði má ætla að enn sé hugmynd að Íslandsferð að kvikna hjá fleira og fleira fólki.

Hvað olli því að þú valdir þennan áfangastað?

- 5 algengustu svör ferðamanna¹



Sjálfstyrkjandi þættir: Fjölgun ferðamanna á Íslandi undanfarin ár ýtir undir frekari fjölgun ferðamanna að því gefnu að reynsla þeirra sem hingað hafa komið hafi verið jákvæð.

Breytilegur þáttur: Hætta er á að missa þá ferðamenn sem láta stjórnast af verðlagi, hækki það meira hér en í samkeppnisríkjum.

Fastur þáttur: Lítil hætta á róttækum breytingum á landfræðilegri legu Íslands á næstu árum. Aukning ferðamanna í nýmarkaðsríkjum gæti þó fært þungamiðju heimstúrismanns fjær Íslandi.


Ferðamönnum fjölga um allan heim, ekkert í líkindum við þann vöxt sem við sjáum

Fjölgun ferðamanna síðustu ár er ekki séríslenskt fyrirbæri en ódýrari flugsamgöngur, auk aukinnar velmegunar í mörgum ríkjum, hefur valdið mikilli aukningu ferðamanna á heimsvísu.

Ísland tekur þó til sín aukinn skerf af þessum ferðamönnum og er fjölgunin hér töluvert meiri en almennt í öðrum ríkjum.

Ísland virðist vera í tisku á þessum uppgangstímum um ferðaþjónustu í heiminum.

Árlegur vöxtur fjölda ferðamanna



The 10 best European destinations in 2015

Bored by Berlin? Tired of Tuscany? Paris? We've all been there. If you're serious about your European destinations, these are the places to head for...



1. Reykjavík, Iceland

Reykjavík may boast a remarkable history – it is the site of the world's first parliament, thought to have been established in 930 AD – but the city today holds its past and future in even balance. Its modernism is striking, from the clean lines of its buildings to its experimental music scene to its status as one of the most environmentally conscious cities in the world.

Reykjavík's compact size (it has only 120,000 inhabitants – positively tiny for a European


Vöxturinn er mikill í Norður Evrópu en hann er hvergi viðlíka og á Íslandi

Árið 2015 fjölgaði ferðamönnum í Norður Evrópu mun hraðar en heims- eða Evrópumeðaltalið. Ísland sker sig þar úr með langmesta vöxtinn en í Svíþjóð, Bretlandi og Írlandi fjölgaði ferðamönnum þó um ríflega 10% milli ára.

Fjölgunin á Íslandi er af mun lægri stofni en hinna ríkjanna og því geta hlutfallstölur ýkt myndina þó nokkuð. Fjölgun breskra ferðamanna um 10% milli árunna 2014 og 2015 þýðir að tæplega 4 milljónir bættust þar við á sama tíma og 300 þúsund ferðamenn skiluðu 30% aukningu á Íslandi.

Lágan stofn má bæði túlka á þann veg að rúm sé fyrir mikinn vöxt til viðbótar eða þá að hlutfallshækkanir fari lækandi eftir því sem ferðamönnum fjölgar.


Fjölgun erlendra ferðamanna í heiminum á árinu 2015



Things to do in Iceland. Fundist hefur nýr vinkill á Ísland

Ekki alls fyrir löngu var því fleygt að söngkonan Björk væri helsta kennileiti Íslands. Þrátt fyrir að vera enn í fremstu röð virðist frægðarsól hennar nokkuð hafa dvínað undanfarin ár hlutfallslega við hennar heimaland ef miðað er við uppflettingar á leitarvélinni Google.

Á sama tíma hefur leitinni „hvað skal gera á Íslandi“ vaxið mjög ásmegin og hefur hún aldrei verið vinsælli en nú. Sífellt fleira fólk virðist því vera að velta fyrir sér hvað Ísland hafi upp á að bjóða.



Ísland er komið á kortið. Erlendum flugfélögum hefur fjölgað stórkostlega

Nokkur býsni af flugvélum þarf til að koma miklum fjölda ferðamanna inn fyrir Íslandsstrendur og til marks um það nærri þrefaldaðist fjöldi flugfélaga sem stundar áætlunarflug til Íslands frá 2008 fram til 2015.

Ísland er nú inni í leiðarkerfi þessara félaga og öllu þeirra kynningarefni. Gera má ráð fyrir viðlíka þróun hjá erlendum ferðaskrifstofum og öðrum þeim sem skipuleggja ferðir hingað til lands. Þessi aukning verður til þess að þekking og viðskiptatengsl myndast, Ísland stimplar sig betur inn sem áfangastaður og ætti það að ýta undir áframhaldandi fjölgun ferðamanna hingað til lands.

2008

7 flugfélög með áætlunarferðir



2016

26 flugfélög með áætlunarferðir



Óvænt áhrif. Auglýsingar koma úr ýmsum áttum

Í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010 var blásið til markaðsherferðinnar Inspired by Iceland í gegnum samstarf stjórnvalda og aðila í greininni. Var herferðinni ætlað að nýta athyglina af eldgosinu og koma þeim skilaboðum áleiðis að Ísland væri öruggur og spennandi áfangastaður.

Var herferðin að mörgu leyti vel heppnuð og vann t.a.m. til fjölda verðlauna. Forvitnilegt er þó að bera saman hversu margir hafa horft á aðalmyndband herferðarinnar á Youtube frá árinu 2010 og bera það saman við nokkra vikna áhorf annars myndbands sem vakið hefur athygli á Íslandi nýlega.



Inspired by Iceland Video



Á youtube í júní 2010

971,704 views

+ Add to Share ... More

6,916 113



Justin Bieber - I'll Show You



Á youtube í nóvember 2015

270,542,757 views

+ Add to Share ... More

6,192

Er Ísland dýrt eða ódýrt land fyrir ferðamenn?


Það er þekkt staðreynd að verð hefur áhrif á kaupávarðanir fólks og á það sama á við þegar ferðamenn velja sér áfangastað. Skv. könnunni Travelsat var fjórða algengasta ástæða sem ferðamenn tilgreindu fyrir ferð sinni að þeir hefðu fengið gott tilboð eða töldu staðinn vera ódýran.

Eftir gengisfall krónunnar 2008 lækkaði Ísland snarpt í verði sem áfangastaður og sáu menn sér þá þann leik á borði að auglýsa það sérstaklega. Ísland hafði alltaf haft orð á sér sem dýr áfangastaður en nú sjö árum eftir gengishrun er fróðlegt að athuga hvernig verðlag spilar inn í heimsóknir ferðamanna.




Reykjavík er í dýrari kantinum miðað við aðrar höfuðborgir


Þriggja rétta máltíð




Þriggja stjörnu hótél



Stór innlendir bjór



Leigubíll startgjald og 5 km.




Hótel og veitingastaðir eru hlutfallslega dýrari en fyrir hrun

Ísland er og hefur verið talinn nokkuð dýr áfangastaður fyrir ferðamenn í gegnum tíðina. Við gengisfall krónunnar árið 2008 breyttist þó allur verðsamanburður til muna og varð íslensk ferðaþjónusta fyrir vikið mun samkeppnishæfari í verði.

Á undanförunum misserum hefur verðlag á íslenskum hótélum og veitingastöðum hins vegar hækkað skarpt og er nú enn hærra en það var fyrir hrun samanborið við Noreg og evrulönd. Hækkanimar má að stórum hluta rekja til mikilla launahækkana og framboðsskorts en tíma tekur að mæta mikilli og skyndilegri eftirspurn erlendra ferðamann eftir gistingu og annari þjónustu. Þar að auki hefur krónan styrkst töluvert undanfarin misseri og þannig hækkað íslenskt verðlag í alþjóðlegum samanburði.

Verðlag hótela og veitingastaða í evrum

- vísitala = 100 árið 1999




Ferðamönnum hefur fjölgað mest frá ríkjum með sterkari gjaldmiðla

Þegar ferðmönnum til Íslands er skipt eftir þjóðernum kemur fram að mestur vöxtur hefur verið í fjölda ferðmanna frá Bretlandi og Bandaríkjunum, sem hafa allt að fimmfaldast á síðustu sex árum.

Krónan hefur ekki styrkst gagnvart dollar og framan af jafnframt gagnvart pundi. Ísland hefur því verið hlutfallslega ódýrt fyrir notendur þessara gjaldmiðla miðað við það sem var fyrir hrun. Brexit áhrifin hafa þegar komið fram í gengi pundsins sem hefur veikt gagnvart krónunni. Óvissa ríkir hversu mikil áhrifin verða á breska ferðamanninn en slík áhrif koma fram með tímatöf.


Þróun fjölda ferðamanna eftir þjóðernum

Vísitala, 2009=100



Þróun gengis gjaldmiðla gagnvart krónu

Vísitala, 2009=100




Breskir ferðamenn eru einna fjölmennastir


Flestir erlendir ferðamenn sem koma til landsins eru frá Bretlandi eða Bandaríkjunum. Óvissa er og verður áfram um hver áhrifin verða vegna Brexit. Verði mikið bakslag í breska hagkerfinu gætu slík áhrif smitast hingað heim og hægt á fjölgun breskra ferðamanna eða jafnvel fækkað þeim.

AGS gaf nýverið út endurskoðaða hagvaxtarspá fyrir heimshagkerfið þar sem flestar spár fyrir einstaka ríki voru lækkaðar. Var óvissa vegna Brexit þar nefnd sem ein helsta ástæða lækkunarinnar.

Hvaðan koma ferðamennirnir
- hlutfall af heildinni



Hagvaxtarspár fyrir árin 2016 og 2017



Launahækkningar eru miklar og hafa áhrif á samkeppnisstöðu greinarinnar


Launahækkningar á Íslandi eru mun meiri en í nágrannaríkjum og munu óhjákvæmilega valda hlutfallslega hækkandi verðlagi hér á landi.

Verði Ísland mun dýrari áfangastaður en í samanburðarlöndum mun það hafa áhrif á fjölda ferðamanna og neyslu þeirra. Erfitt verður að magngera áhrifin sérstaklega verði aðrir þættir Íslandi áfram hagstæðir. Haldi ferðmönnum áfram að fjölga á heimsvísu og Ísland verður áfram talinn álitlegur áfangastaður, munu verðlagsáhrifin eflaust verða illgreinanleg og lítið til að hafa áhyggjur af.

Fari hins vegar svo að ytri þættir breytist til hins verra gæti lakari samkeppnishæfni landsins haft tilfinnanlegri áhrif. Ferðaþjónustan er sérstaklega útsett fyrir launahækkunum þar sem hún er vinnuafsfrekari en margar aðrar greinar.

Hækkun launakostnaðar á framleidda einingu


Ársbreyting 1F 2016



Krónan mun líklega styrkjast áfram




Seðlabankinn hefur byggt upp rúman gjaldeyrisforða samfara því gjaldeyrisinnflæði sem verið hefur síðustu ár. Með slíkum kaupum hefur Seðlabankinn þannig spornað gegn frekari styrkingu krónunnar.

Samfara losun hafta er hugsanlegt að Seðlabankinn hægi á gjaldeyriskaupum sínum. Verði það raunin má ætla að hraði gengisstyrkingar muni aukast a.m.k. fyrst um sinn.



Rekstrarumhverfið á Íslandi hefur verið krefjandi, og verður það áfram!

Þrátt fyrir gífurlega fjölgun ferðamanna er rekstrarumhverfið krefjandi. Seðlabankinn hefur spornað gegn frekari styrkingu krónunnar með uppkaupum á gjaldeyrismarkaði. Verði breytingar þar á má telja líklegt að styrking krónunnar verði enn hraðari á næstu misserum. Við þá gengisstyrkingu bætast miklar launahækkningar og hátt innlent vaxtastig. Ferðaþjónustan er sérstaklega útsett fyrir launahækkunum þar sem hún er vinnuafsfrekari en margar aðrar greinar.



Stefnan er ekki skýr og sjónum í auknum mæli beint gegn ferðapjónustunni

Miðvikudagur 16.03.2016 - 09:41 - Ummæli (19)

Er kominn tími til að leggja á komugjald?

Þetta er dálítið dambsam [viðhorf](#) hjá formanni Samtaka ferðapjónustunnar. Hann er tilbúinn að ræða gjalddöku af ferðamennsku, ef hún rennur til uppbyggingar greinarinnar. En kannski er maður að dæma þetta of hart. Því er þó ekki að leyndu að kominn er ákveðin ferðamannapreyta í Íslendinga og mörgum ofbýður seinagangurinn og tregðan við að gera úrbætur á ferðamannastöðum.

Til í að ræða gjalddöku af ferðapjónustu

© 15.03.2016 - 19:14 innlent - Ferðapjónusta



STJÓRNMÁL

Vill að ferðapjónustan „borgi sitt“

Þingmenn Framsóknar vilja hækka virðisaukaskatt á ferðapjónustu í þrepum

Vill hækka skatt á ferðapjónustu

Karl Gardarson segir tímabært að endurskoða ákvörðunina um að hækka ekki virðisaukaskatt á hótél- og gistiþjónustu.

INNLENT #stjórnmál #ferðapjónusta


Vill að allir sem komi til landsins greiði þrjú þúsund í komugjald

Ferðamenn greiði við komuna til landsins

En hvað er þá framundan fyrir íslenska ferðapjónustu?

Vöxturinn er mikill...

Fjöldun erlendra ferðamanna í heiminum á árinu 2015



...og áhuginn virðist bara aukast.

Fjöldi leita á google
-vísitala, hæsta gildi = 100



Ísland er komið inn á kortið...


2016

26 flugfélög með áætlunarferðir




... en á sama tíma verður rekstrarumhverfið áfram erfitt

Hækkun launakostnaðar á framleidda einingu
Ársbreyting 1F 2016



Enginn veit sína ævi fyrr en öll er

Fjöldi ferðamanna til Íslands
- í milljónum



Veldisvöxtur: Undangengin aukning gerir hróður landsins meiri og Ísland festir sig enn betur í sessi sem áfangastaður.

Línulegur vöxtur: Aukning ferðamanna verður línulegur.

Lítill vöxtur: Ytri þættir draga mikið úr vexti fjölda ferðamanna á heimsvísu eða Ísland fellur út af radar.

Samdráttur: Ytri þættir, eins og náttúruhamfarir, hafa þau áhrif að ferðamönnum fækkar til landsins. Ísland fellur út af radar.

Erum við í stakk búin fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna?



Ferðapjónusta á Íslandi

1. Ferðapjónustan sem atvinnugrein

2. Ferðapjónustan sem fjárfesting

3. Ferðapjónustan sem vinnuveitandi

4. Af hverju Ísland?

5. Helstu áskoranir

6. Tillögur: Hvað þarf að gerast?

1. Land er takmörkuð auðlind




2. Samkeppnishæfni skiptir máli




Áskorun 1: Land er takmörkuð auðlind

- Átroðningur lands hefur ekki verið aðkallandi vandamál til þessa en nú þegar á aðra milljón ferðamenn koma hingað, margir hverjir gagngert til þess að berja helstu náttúruperlur landsins augum, blasir við nýr veruleiki. Óheftur aðgangur að vissum svæðum er því ekki lengur mögulegur ef ætlunin er að vernda landið og hámarka verðmæti þess til lengri tíma.
- Vandamálið sem fylgir sameignarstefnu náttúruauðlinda er vel þekkt. Kallast það hamleikur almenninga og felst í einföldu máli í því að sameign og óheft aðgengi að takmörkuðu gæði veldur því að hver einstaklingur reynir að hámarka eigin hag án þess að taka tillit til neikvæðu áhrifanna sem hann veldur öðrum. Enginn hefur hag af því að viðhalda gæðinu og að lokum verður það uppurið.
- Þessa sviðsmynd má auðveldlega yfirfæra á náttúruauðlindir Íslands og ferðamannastaði. Ekki hefur náðst sátt um aðgangstakmarkanir á jafnvel vinsælustu ferðamannastaðina en án slíkra aðgerða er fyriréð að landið mun að lokum bera skaðann.



Ekki í boði að gera ekki neitt! Viðbrögðin við hröðum vexti geta skipt sköpum



2. mynd. Þróun ferðamannastaða.
Heimild: (Butler 1980, með útfærslu höfundar).


- Ferðaþjónustan er **ung atvinnugrein** sem er líklega enn á stigi uppgötvunar þrátt fyrir að vera í örum vexti.
- Ekkert bendir til annars en að fjölgunin muni halda áfram á komandi árum. Greinin þarf að vera **reiðbúin að taka á móti öllu fólkinu**.
- Almennt gildir um vinsæla ferðamannastaði að fjölgunin verður stigvaxandi þar til þolmörkum er náð. Sé ekkert að gert verður **stöðnun** eða **hnignun** í ferðaþjónustu.
- Ein mesta áskorun sem greinin stendur frammi fyrir er að tryggja að vöxtur ferðamanna verði **sjálfbær til framtíðar**.
- Tryggja þarf rétta umgengni við auðlindina sem er náttúran. **Ekki er í boði að gera ekki neitt!**

Ferðamenn á Íslandi eru þegar orðnir margir miðað við heimamenn...

Rúmlega milljón ferðamenn heimsóttu Ísland á síðasta ári og er það ekki há tala í samanburði við nágrannalöndin. Til dæmis þá tóku Danir í fyrra á mótí ríflega 10 milljónum ferðamanna og 5 milljónir sóttu Noreg heim.

Ferðamenn á Íslandi voru árið 2015 nærri fjórfalt fleiri en Íslendingar allir. Þó það fyrirfinnst ríki þar sem ferðmenn er enn fleiri samanborið við heimamenn þá er hlutfallið hátt á Íslandi.

Ferðamenn á íbúa
- árið 2014, nema Ísland 2015




... en er það endilega réttur samanburður?

Þó hlutfall ferðamanna af heimamönnum sé algengur mælikvarði er ekki þar með sagt að hann henti best í tilfelli Íslands. Lönd eru mismunandi og sker Ísland sig nokkuð úr sem mjög fámennt land með mikil víðerni.

Annar algengur mælikvarði lítur frekar til landsvæðis sem takmarkandi þáttar, þ.e. ferðamenn á ræktanlegan ferkílómeter. Séu ferðmenn á Íslandi settir í það samhengi blasir við nokkuð ólík mynd og eru fjölmörg dæmi um fleiri ferðamenn á þann mælikvarða. Við það bætist að ósnortin náttúra er það sem helst laðar ferðamenn til Íslands en ekki ræktarland.

Sé einungis lítið til landsvæðis er því ljóst að það ber mun fleiri ferðamenn þó auðvitað verði að fylgja því mikil innviðauppyggin. Sé lítið til þess mikla vaxtar sem er í íslenskri ferðaþjónustu má spyrja sig hvort Íslendingar verði nokkurs konar landverðir víðermanna sinna.

Ferðamenn á ræktanlegan ferkílómeter
- 2014, nema Ísland 2015




Fordæmi eru fyrir fleiri ferðamönnum


Þrátt fyrir fordæmalausa aukningu í fjölda ferðmanna undanfarin ár þá eru sem fyrr segir fordæmi fyrir fleiri ferðamönnum samanborið við bæði íbúa og ræktanlegt landsvæði.

Uppbygging slíkra ferðamannstaða varð ekki yfir nótt og hefur aukningin kallað á mikla uppbyggingu bæði innviða og ferðaþjónustunnar sjálfrar. Engu að síður sínir reynsla annarra ríkja að margt er mögulegt.


Erlendir ferðamenn til Íslands
- milljónir



Við hvað skal miða?
- milljónir ferðmanna



Fólk er ekki hingað komið til að berja okkur Íslendinga augum




Nokkrir ferðamannastaðir bera hitann og þungann af ásókninni...


Eins og oft vill vera þá eru ferðamannastaðir mis vel sóttir. Á Íslandi eru nokkrir staðir mun þekktari en aðrir og aðgengilegri ferðamönnum, sérstaklega á suðvesturhorninu. Ber þar hæst að nefna Geysi og Gullfoss en nærri 2 af hverjum 3 ferðamönnum heimsóttu þá sumarið 2014.

Er þetta þegar orðinn töluverður fjöldi og er álagið orðið tilfinnanlegt á ákveðnum stöðum. Verði áframhald á fjölgun ferðamanna á næstu árum, eins og spár gera ráð fyrir, mun álagið stigmagnast og ætti hverjum að vera ljóst að einhvers konar fjöldatakmörkanir verða ekki valkvæðar.

Hlutfall ferðamanna að vetri 2014 sem heimsóttu staðinn



Hlutfall ferðamanna að sumri 2014 sem heimsóttu staðinn



... og sjá má hættumerki á ákveðnum svæðum

Innlent | mbl | 24.3.2015 | 12:24

Mæla með 27 Tweet

Hverasvæðið liggja undir skemmdum



Gætu þurft að loka ferðamannastöðum

Nauðsynlegt að bæta innviði og taka upp gjaldtöku.

Sólrún Lilja Regnarssdóttir solrun@div.is

„Náttúran tekur ekki endalast við áganginum. Um 80 prósent ferðamanna sem koma til landsins nefna náttúruna ástæðuna fyrir Íslandsförinni,“ segir Guðmundur Inni Guðbrásson,



dverndar.

Mæla með 0 Tweet

Innlent | Morgunblaðið | 9.4.2013 | 5:30 | Uppfært 9:08

Umhverfi Goðafoss ber merki eftir átroðning



Mynd
Stjórn L. Geysis undir al
„Verð e ein hells samþyk
Landeig
svæðið

Ferðamönnum fjölgar og ferðamannatímabilið hefur lengst. Fleiri koma nú á vorin þegar gróður er víðkvæmur. mbl.is/Helga A. Erlingsdóttir.

Árbakkar við Goðafoss átroðningi ferðamanna að bregðast við. Þeir geta ekki hafist fyr

Dagbjört Jónsdóttir arsvaitar, segir að gegnum tíðina bor irtækjum, einkum í um við fossinn.

Í umfjöllun um máli dag bendir hún á eigi landið við foss tekna af ferðamön félagsins af fossin Ferðafjónustufyrir ur af ferðamönnum

fossinum en leggi ekkert til á móti. Gjaldtaka sé ekki talin raunhæf, m.a. vegna heimtu á staðnum.

Ferðamannastaðir liggja undir skemmdum

29.07.2013 - 18:13 | Flokkar | Deila | Bein slóð



„Fólk er farið að grafa upp grófið í landið“

Við Þingvallveg er upplýsingaskilti um að leggja gjarnan bílum sínum, kynna sér sí hafa hins vegar fjolmargir tekið upp á þess að merkja að þarna hafi þeir farið út fyrir að miklum fjölda sé reglulega veltu Landið tilheyrir jörðinni Heiðabæ í Þingv

„Einvers konar hjarðhegðu“

Ferðamenn hafa hlaðið grófarlegan fjölda af vorðum á landi við Þingvallavatn - Leids kallar eftir átaki almennings til að sporna við óværunni

Björn Þorfinnsson bjornm@div.is



Heiðan þessi ferðamaður tók þátt og setti upp litla vorðu.

Mynd: Div.is / Isomar Vigur

Ábúendur og ferðafjónustuaðilar eru búnir að fá sig fullsadda á vörðuger ferðamanna við Þingvallavatn. Ábúandi segir að slíkt hafi færst mikið í aukana undanfarið og ferðamenn séu farnir að grafa eftir efniviði á nærliggjandi svæði Arnórsson leidsögumaður vakti athygli á ástandinu á Facebook og kallar eftir almennings um að uppræta ósiðinn sem hann telur að skemmi upplifun fólks ósnortinni náttúru Íslands. Þóstur Ara varð til þess að fjolmargir innan

Umhverfisstofnun

Einastaklegar | Náttúra | Svæði í hættu

Svæði í hættu

Friðlýst svæði á Íslandi eru í júlí 2013 113 talsins, en umfang þeirra, eðli og ástand er eins misjafnt og svæðin eru mörg. Svæði koma að þragðast þurft við niðurbótum rannsóknanna á pólmörðum ferðamannastaða með aðgerðum til að sporna við skemmdum vegna álags. Einnig er lagt til að leggja og merkja gönguþega á ákveðnum höfuðstúfum svæðum með það að markmiði að bæta aðgengi almennings að náttúru landsins og búa svæðin jafntítt undir aukð álag af vaxandi ferðamannastraumum. Samhliða höfuðstúfum á fjölda erlendra ferðamanna þarf að stúla á umbótum á höfuðstúfum svæðum, aukna landvörðu og efla trésvæði.



Aðferðarfræðin sem notuð er við að byggja listann upp er svokölluð SVÖT aðferðarfræði þar sem greindir eru styrkleikar, veikleikar, ogfir og þakfir víðkomandi svæðis. Með styrkleika er átt við verndargildi verndarandagi víðkomandi svæðis, með veikleika er átt við hraða þakfir eða sveði innan svæðisins er mest hættu á að verndargildi skerðist, með ögnum er átt við þær ögnir sem stúla að víðkomandi svæði og að slóðu er þakfir eða hvernig bregðast megi við víðkomandi ögnum. Svæðin flokkað á rauðan lista annars vegar en þar eru þau svæði sem Umhverfisstofnun telur að séu undir miklu álagi sem bregðast þurft við strax og á appelsínugulan lista hins vegar sem eru þau svæði sem stofnunin telur að séu undir tilvöru álagi sem einnig þurfi að fjáttigi vei me og bregðast við á ýmsan hátt.

- Svæði í hættu 2010
- Svæði í hættu 2012
- Svæði í hættu 2014

Svæðin eru eftirlitandi í stafröfros:

Rauð listinn


- Friðland að Fjallabaki
- Geysir
- Helgustabánama
- Reykjanesvölkvangur

Appelsínugulan listinn


- Dyhjandi
- Dyhjóbey
- Eldborg í Bláttöllum
- Fossvogsbakkur

Upplifun ferðamanna af Íslandi er jákvæð og vert er að halda því þannig


Stóð heimsóknin undir væntingum?
- svör erlendra ferðamanna á Íslandi



Afstaða gesta til fjölda erlendra ferðamanna






Viðhorf gesta til fjölda ferðamanna og faratækja á viðkomandi stöðum



Góðar fréttir berast hratt og slæmar einnig

Top Attractions in Iceland

Sort by: **Ranking** Book Online

 <p>Certificate of Excellence</p>	<p>Gullfoss (Blaskogabyggd) #1 of 3 things to do in Blaskogabyggd ★★★★★ 8,521 reviews "Impressive sight" 09/04/2016 "seriously powerful waterfall" 09/04/2016</p> <p>Waterfalls</p>	<p>62 Tours Available</p> <p>from ISK ISK 14,503*</p> <p>More info</p>
 <p>Certificate of Excellence</p>	<p>Jokulsarlon Lagoon #2 of 520 things to do in Iceland ★★★★★ 2,159 reviews "Keep the Aluminium multi nationals..." 09/04/2016 "Out of this world nature" 09/03/2016</p> <p>Bodies of Water</p>	<p>8 Tours Available</p> <p>from ISK ISK 20,973*</p> <p>More info</p>
 <p>Certificate of Excellence</p>	<p>Golden Circle Route (South Region) #2 of 118 things to do in South Region ★★★★★ 3,111 reviews "Busy, but still a must do tour for..." 09/03/2016 "Stopover: Iceland for beginners by..." 09/02/2016</p> <p>Scenic Drives</p>	<p>21 Tours Available</p> <p>from ISK ISK 6,991*</p> <p>More info</p>

"Beautiful falls in Golden Circle" NEW

★★★★★ Reviewed 5 days ago

One of the best falls of Iceland. Highlight of the golden circle tour. Easy hiking to the top of the Falls from parking area. Definitely recommended.

Helpful? Report

"Impressive waterfall, but swarmed with tourists"

★★★★☆ Reviewed 1 week ago

If you visit Iceland for a day or two, this place might be worth a visit - the waterfall is impressive, but not more so than other waterfalls further inland. The hordes of tourists were a letdown, and the big gift shop near the parking lot didn't help to contribute to the feeling of raw nature.

Helpful? Report

"12 metre waterfall"

★★★★☆ Reviewed April 1, 2014

not impressed y it. It's a waste of time, the waterfall is tiny, the place crowded, not worth a whole day on the bus just to see this

Helpful? Report


Áskorun 2: Samkeppnishæfni skiptir máli

Samkvæmt ferðamönnunum sjálfum er verðlag eða tilboð fjórði mikilvægasti þátturinn þegar velja á áfangastað og þekking þá flestir á eigin skinni að hátt verðlag getur haft ákveðinn fælingarmátt.


Ísland er nú þegar dýr áfangastaður í alþjóðlegum samanburði og verður ekki litið framhjá því að þær miklu launahækkningar sem samið hefur verið um geta haft sín áhrif á verðlag og þar með aðsókn til landsins.

Hvað olli því að þú valdir þennan áfangastað?

- 5 algengustu svör ferðamanna*



Almennt verðlag í Evrópu og fleiri ríkjum




Ef fram fer sem horfir mun raungengið feta nýja slóðir á komandi árum

Síðustu kjarasamningar fólu í sér miklar launahækkanir. Reynsla okkar hefur verið að svo miklar launahækkanir skili sér í mikilli verðbólgu og að lokum gengisfalli krónunnar. Slíkt hefur ekki raungerst enn sem komið er. Lækkun olíu og annarrar hrávöru, miklar gjaldeyrstekjur vegna fjölgunar ferðamanna, auk styrkingu gengis innan fjármagnshafta hefur haldið aftur af verðbólgu undanfarin misseri og hefur kaupmáttur Íslendinga erlendis því rokið upp.

Hin hliðin á þeim tening er að kaupmáttur erlendra ferðamanna á Íslandi minnkar á sama tíma og krónan styrkist. Ísland verður dýrari áfangastaður og ef áfram heldur sem horfir þá mun raungengi feta nýja slóðir á næstu árum. Jákvæður viðskiptaafgangur hvílir nú að öllu leyti á þjónustujöfnuð, að uppistöðu ferðaþjónustu, er því ljóst að mikið er undir.


Raungengi á mælikvarða verðlags

M.v. 5% og 10% lækkun GVT á ári



Viðskiptajöfnuður

- sem % af VLF, frá 2008-2016 án ILST




Vöxtur í heimstúrisma er ekki sjálfgefinn

Undanfarin ár hafa verið merkileg fyrir þær sakir að mikill vöxtur hefur verið í ferðamennsku um allan heim og þar af einna mest á Íslandi. Hagkerfi heims hafa verið að taka við sér, þó af mismiklum þrótti, eftir áföllin árið 2008 og má merkja það í væntingum neytenda að þeir sjá sífellt fram á bjartari tíma.


Við þekkjum þó af fyrri reynslu að áföllum hefur ekki verið útrýmt. Svíptingar í heimshagkerfinu, þó fjarlægjar á korti, hafa áhrif lengst inn á firði Íslands.

Óróleikar á mörkuðum viðskiptalanda okkar í upphafi árs 2016 ættu því að vera okkur áminning um að ekki er hægt að treysta á stöðugan uppgang og stefna heldur að því að halda sterkri samkeppnishæfni sem skilar árangri hvernig sem vindar blása.

Hlutabréfavísitölur



Væntingavísitölur



Ferðapjónusta á Íslandi

1. Ferðapjónustan sem atvinnugrein

2. Ferðapjónustan sem fjárfesting

3. Ferðapjónustan sem vinnuveitandi

4. Af hverju Ísland?


5. Helstu áskoranir

6. Tillögur: Hvað þarf að gerast?


Ferðapjónusta á Íslandi lítur vel út en glímir við vaxtaverki

Vandamálin hafa verið skilgreind...

1.



2.



...og afleiðingarnar eru þekktar


1.



2.



Harmleikur almenninga: Ýmsar tillögur komið fram til lausnar



Komugjald

Greitt er gjald við komu til landsins, sá sem kemur inn í landið greiðir gjald

Almenn gjaldtaka

Landeigendur rukka inn á land, sjái þér hag sinn í því

Náttúrupassi

Þeir sem það kjósa kaupi þar til gerðan passa sem veitir aðgang að ferðamannastöðum

Gjaldtaka

Gjaldtaka sem veitir aðgang að ferðamannastöðum t.d. bílastæðagjald

Gistináttagjald

Gjald er lagt á hverja gistinótt

En hvernig taka þessar tillögur á undirliggjandi vandamáli?


Hverjir eru nauðsynlegir eiginleikar ákjósanlegrar lausnar?

Það er varasamt að líta á ferðamannastaði sem sameiginlega auðlind

Gæðum/vörum má skipta í fjóra meginflokkka út frá því hvort eftirfarandi tveir eiginleikar eigi við eða ekki:

- Samkeppni ríkir um neyslu á þeim, þ.e. að notkun eins takmarkar notkun annars
- Útiloka má einhvern frá því að njóta gæðisins


Ferðamannastaðir teljast í dag flestir til sameiginlegrar auðlindar þar sem samkeppni ríkir um neyslu þeirra en engin takmörkun er á notkun hennar.



Óásættanleg lausn. Sameignargæði geta gengið til þurrðar sé ásókn í þau mikil

Íslendingar hafa búið við þau forréttindi um aldir að geta sótt náttúruna nánast án takmarkana. Landið er fallett og fámennið olli því að rúmt var um fólk við fallettust og áhrifamestu staðina svo að allir gátu notið náttúrunnar nokkurn veginn óhindrað. Af er það sem áður var og nú er svo komið að margar af helstu náttúruperlum landsins eru farnar að láta á sjá vegna óhóflegs ágangs og takmarkaðrar uppbyggingar innviða í kringum þær.

Vandinn liggur í því að í flestum tilvikum er litið á náttúruperlu sem **sameiginlega auðlind**, þ.e. sem stendur er ekki takmarkaður aðgangur að þeim en á sama tíma getur átroðningur skert upplifun ferðamanna. Í ljósi þess að þau eru ekki ótakmörkuð auðlind er slíkt fyrirkom ulag ekki sjálfbært til lengri tíma.




Það væri vissulega eftirsóknarvert að allir gætu notið náttúrunnar án takmarkana en slíkt er hvorki raunsætt út frá náttúruvernd né hagrænu sjónarmiði.

Nauðsynlegt er að finna lausn sem getur stýrt ágangi þannig að ferðamannastaðir beri ekki skaða. Skapa þarf hvata fyrir eigendur svæðanna, einstaklinga eða hið opinbera, svo að hagsmunir þeirra fari saman við verndun og uppbyggingu svæðanna til langframa.

Ásættanleg lausn takmarkar bæði ágang og hámarkar arðinn af náttúrunni

Hagkvæmasta leiðin til þess að hagur landeigenda, opinberra sem einkaaðila, fari saman við landvernd er að gera þeim mögulegt að stýra flæði gesta á ferðamannastöðum. Náttúrperlur flytjast því úr því að verða sameiginleg auðlind og verða þess í stað **einkagæði**.

Takmarka má ágang með tvennum hætti, með beinni fjöldatakmarkun eða með frjálstri gjaldtöku.



Tvær leiðir eru til að takmarka ágang

1. **Bein fjöldatakmörkun** mun gera það mögulegt að takmarka áganginn á svæðið en hún skilar engum arði. Hún skapar landeigendum því hvorki tekjur né hvata til að byggja upp á svæðinu.
2. **Frjáls gjaldtaka** skapar hvata fyrir landeigandann að stilla gjaldið þannig að það hámarki arðinn af auðlindinni. Bæði skilar gjaldið tekjum til uppbyggingar eða annarra verkefna og um leið getur landeigandinn stillt það af þannig að ásóknin verði í samræmi við það sem landið þolir. Líkt og með aðrar eignir, hvort sem það er blokkaríbúð eða Skoda Fabia, hefur landeigandinn nú hvata af því að vernda svæðið og hámarka þannig virði þess til lengri tíma.

Fjöldatakmörkun



Aðgangseyrir



Hámörkum langtímaábata: Gjaldtaka uppfyllir bæði skilyrðin

Þær tillögur sem fram hafa komið eru flestar því marki brenndar að líta aðeins til hvernig skattleggja megi greinina frekar í stað þess að taka á grunnvandannum um aðgangsstýringu.

Tillögur	Tekjur?	Fjöldatakmörkun?	
Komugjald	✓	✗	Komugjald myndi afla ríkissjóði tekna en myndi engin áhrif hafa á aðsókn á ferðmannastaði.
Gjaldtaka	✓	✓	Gjaldtaka fyrir virðisaukandi þjónustu myndi afla landeigendum tekna til uppbyggingar og um leið veita þeim tæki til að stýra ágangi á landið og hvata til að gera það með langtímahugsun að leiðarljósi.
Náttúrupassi	✓	✗	Náttúrupassi myndi afla tekna en ekki stýra ágangi á landsvæði. Tilkoma hans myndi ekki stýra flæði ferðamanna frá stöðum sem væru undir of miklu álagi.
Gistináttagjald	✓	✗	Gistináttagjald myndi afla ríkissjóði tekna en myndi engin áhrif hafa á aðsókn á ferðmannastaði.
Önnur skattheimta	✓	✗	Hægt er að sækja fjármagn til uppbyggingar ferðamannastaða úr almennum sköttum en það hefur ekki för með sér neina aðgangsstýringu.

Það er ekki eins og ferðapjónusta greiði ekki skatta nú þegar

Þær tillögur sem fram hafa komið eru flestar því marki brenndar að líta aðeins til hvernig skattleggja megi greinina frekar í stað þess að taka á grunnvandannum um aðgangsstýringu.

**Bifreiða- og
olíugjöld**

Gistináttagjald

Tryggingagjöld

Þjónustutekjur ISAVIA

**Skattar á tekjur og
hagnað**

Gróflega má áætla að
ferðapjónustan greiði í það minnsta
50 ma.kr. í skatta og önnur gjöld

Fasteignaskattar

**Neyslu- og
leyfisgjöld**

Virðisaukaskattur



Almennan reglan er að þeir greiði sem njóta

Það er viðtekin venja í flestum atvinnugreinum að rukka gjald fyrir þjónustu og upplifun. Skapar það hvata fyrir söluaðila að fjárfesta í rekstrinum og hafa hann eftirsóknaverðann fyrir þann sem hann sækir. Jafnvel á stöðum sem eru í opinberri eigu er tekið gjald fyrir aðgang og líkt og tilviki sundlauganna eru ýmsar leiðir til að koma til móts við fastakúna og skattgreiðendur sbr. árs- og klippikort.

Veitingahús



Sundlaugar



Bíóhús



Þó það sé ekki algilt þá er gjaldtaka þekkt víða um heim

Íslendingar þekkja það sjálfir af ferðalögum sínum erlendis að víða er greiddur aðgangur að ferðamannastöðum hvort sem þeir eru í opinberri- eða einkaeigu. Gjaldtakan stendur undir og tryggir uppbyggingu svæðanna auk þess að skila eigendum auðlindarinnar arði frá þeim sem sannarlega njóta hennar.



Atvinnustarfsemi við nátturperlur er þegar farin að aukast

Færst hefur í vöxt að gjald sé tekið fyrir aðgang að náttúruauðlindum og þjónusta við þær aukin. Fer það vel saman við þá algengu skoðun að greiða eigi gjald fyrir afnot af auðlindum.

Hellaferð í Vatnshelli

Verðskrá

Fullorðnir: Kr. 3.250,-
Námsmenn og eldri borgarar: Kr. 2.600,-
Unglingar (12-17): Kr. 1.000,-
Börn (3-11): Frítt



Island | mbl | 11.4.2016 | 13:39

Hefja gjaldtöku á bílastæði við Reynisfjöru



Frjá Reynisfjöru. mbl.is/Sigurður Bogi Sævarsson



Prices & Hour



Rukka 500 krónur á bíllinn á Pingvöllum

• VINLENT | 07:00 | 11. Júlí 2015



LAUGAR
fontal
Geothermal Baths

Adults, 17 and over	3.800 ISK.
Youth, 13 - 16 years old	2.000 ISK.
Children 0 - 12 years old (Accompanied with an adult)	FREE
Family rate* One visit	9.500 ISK.
Geothermal bakery experience	1.500 ISK

Hvernig hámarkum við hag Íslendinga til langs tíma?

Skref 1

Takmarka ágang á
vinsæla og viðkvæma
ferðamannastaði

Skref 2

Aðlaga laga- og
regluverkið að
breyttum veruleika

Markmið

Hámarka
langtímaábata
þjóðarbúsins af
auðlindinni

Tillaga 1: Hámörkum langtímaábatann af auðlindinni

Megintillaga: Sköpum sátt um frjálsa gjaldtöku fyrir virðisaukandi þjónustu

Gjaldtaka er hagkvæmasta leiðin til að bæði hámarka arð af auðlindum og stýra ágangi á þær. Það að landeigendum sé mögulegt að taka gjald skapar jákvæðan hvata fyrir þá til að hámarka virði landsins til lengri tíma. Hagur landeigenda fer þá saman við landvernd og hvetur möguleiki til gjaldtöku til markaðssóknar og uppbyggingar ferðamannastaða. Skapar sú leið tekjur fyrir þjóðarbúið og veldur því að ferðamenn sem sannarlega njóta landsins greiða fyrir það.

Möguleikar til gjaldtöku skapa líka hvata fyrir frumkvöðla og eigendur lands sem lítið er sótt til að byggja upp sína staði og auglýsa þá. Slíkt er til þess fallið að dreifa álaginu betur milli landssvæða og auka svigrúm fyrir frekari vöxt í ferðamennsku.

Aðrir kostir: Sameiginlegur sjóður fyrir staði sem henta illa til gjaldtöku

Fyrir þá staði sem af einhverjum orsökum henta illa til gjaldtöku kæmi til greina að komið verði upp sjóði þar sem landeigendur geti sótt um styrki. Styrkirnir yrðu nýttir til uppbyggingar og yrðu veitingar úr sjóðnum takmarkaðar við þá sem ekki standa í gjaldtöku sjálfir. Ýmis form gætu verið á slíkum sjóði eftir því hver yrði með umsjón og hvaða tekjur hans kæmu.

Opinber sjóður er starfandi í dag er nefnist Framkvæmdasjóður ferðamannastaða og veitir hann styrki til „uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúruru á ferðamannastöðum sem eru í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum“. Veitir sjóðurinn einnig styrki til einkaaðila vegna framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru. Sjóðurinn er fjármagnaður að hluta til með gistináttagjaldi en að mestu leyti með öðru skattfé. Því mætti einskorða hann við staði í eigu opinberra aðila.

Annan sjóð mætti reka fyrir einkaaðila sem sjá sér ekki fært að standa undir gjaldtöku á sínu landi. Þeir getu t.d. sameinast um sölu aðgangskorts er veitti aðgang að öllu þeirra landi og yrðu það tekjur sjóðsins. Styrkir yrðu veittir úr sjóðnum samkvæmt umsóknarferli og gætu landeigendur nýtt þá styrki til frekari uppbyggingar og markaðssóknar fyrir sína staði. Eigendur staða þar sem aðsókn ykist mikið gætu síðan sagt skilið við sjóðinn og hafið gjaldtöku. Ýmsar útfærslur má hugsa sér á slíku kerfi og færi best á því að landeigendur sjálfir myndu hafa frumkvæði að og umsjón með slíkri framkvæmd.

Tillaga 2: Tryggja þarf sátt um breytingar


Laga- og regluverk

Mikilvægt er að aðgengi að auðlindum í ferðaþjónustu sé vel skilgreint og að gætt sé í þeim efnum að viðskiptavild þeirra sem byggt hafa upp ferðaþjónustu til margra ára. Nauðsynlegt er að við boðaðar breytingar eða framsetningu á almannarétti, eigendastefnu þjóðlendna og atvinnustefnu þjóðgarða, að gæði og öryggi verði höfð að leiðarljósi.



Tillaga 3: Tryggjum samkeppnishæfni landsins, útflutningsgreinar gefa merkið

- Skref hafa verið stigin nýlega af aðilum vinnumarkaðarins og stjórnmöldum í átt að bættu vinnumarkaðslíkani. Átök og skortur á heildarsýn við gerð kjarasamninga hafa háð Íslendingum og ýkt bæði sveiflur í kaupmætti heimila og samkeppnishæfni landsins en gangi hið nýja samkomulag eftir er von á betri tímum.
- Sem fyrr viljum við öll auka kaupmátt Íslendinga en á sama tíma verður að sjá til þess að inneign sé fyrir slíkri aukningu svo að hún haldi sér til lengri tíma.
- Í nýju vinnumarkaðslíkani er gert ráð fyrir að útflutningsgreinar gefi merki um það svigrúm sem er til launahækkana á hverjum tíma og að aðrir geirar taki mið af því í sínum samningum. Þannig er staðinn vörður um samkeppnishæfni þjóðarinnar í heild. Ferðabjóstun er með hæsta launahlutfallið af útflutningsgreinum og því útsettust fyrir kostnaðarhækkunum sem þeim fylgja.



Ásdís Kristjánsdóttir
Forstöðumaður efnahagssviðs
asdis@sa.is
sími: 591-0080

Óttar Snædal
Hagfræðingur á efnahagssviði
ottar@sa.is
sími: 591-0082

Ólafur Garðar Halldórsson
Hagfræðingur á efnahagssviði
olafur@sa.is
sími: 591-0081

<https://twitter.com/efnahagssvidSA/>